

Ráðgjafaráð í málefnum fólks með fötlun (Ráðgjafaráð).

Fundargerð 22.11. 2022. Fundur hefst kl. 14:35 og lýkur kl. 15:35.

Mættir á fund: Alexander (Samfylkingin), Egill (ÖBÍ), Eyrún og Dalrós (Þroskahjálp) og Raket (ritari í Ráðgjafaráði í málefnum fólks með fötlun).

Raket ritari stýrir fundi og skrifar fundargerð og beiðni Fjólu formanns Ráðgjafaráðs.

1. Umræðuefni:

Fundargerð síðasta fundar rifjuð stuttlega upp:

- Ný heimasíða Hafnarfjarðar er komin af stað í loftið.

<https://dev.hafnarfjordur.is/thjonusta/velferd/fatlad-folk/akstursthjonusta-fatlads-folks/>

- Flýtleið á forsíðu var tekin út (jákvætt, auðveldar lestaraðgengið, færri smellir til að komast að efninu á heimasíðunni).
- Vantar enn að setja inn nöfnin okkar og hlutverk í Ráðgjafaráði (Raket ítrekar að það þurfi að uppfæra þær upplýsingar á heimasíðunni og taka þarf út heimilisföng nefndarmeðlima (sbr. persónuverndarlögum).
- ATH. Er eitthvað annað sem vantar á nýja heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar?
- Ábending frá Eyrúnu um að það vanti inn talgervil fyrir notendur og að það ætti að vera efst á heimasíðunni.
- Ábending frá Alexander um að það vanti valkost á nýrri heimasíðu að það sé hægt að stækka letur eftir þörfum notenda.

2. Umræðuefni:

Skýrsla Starfshóps um aðgengismál í Hafnarfirði:

- Egill fer stuttlega yfir hvað kom út úr skýrslunni sem lögð var fram í Starfshópnum um aðgengismál í Hafnarfirði.

Að sögn Egils setti Ágúst Bjarni Garðarsson (Framsóknarflokkur Hafnarfjarðar og núverandi þingmaður á Alþingi) af stað, vorið 2020, Starfshóp um aðgengismál í Hafnarfirði. Ágúst fór af stað með starfshópinn og Margrét Vala fyrrum formaður Ráðgjafaráðs fylgdi því eftir. Teknir voru út skólar, leikskólar og sundlaugar í Hafnarfirði m.t.t. aðgengismála. Hafnarfjarðarbær var með verkfræðinema sem listaði upp kosti og galla í aðgengismálum þeirra staða sem teknir voru út.

ATH. Hægt er að setja inn ábendingar á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar en þar er ábendingargátt, sem almenningur hefur tök á að setja inn athugasemdir, m.a. varðandi aðgengismál. Umræða á

fundinum að fólk hafi tekið myndir og komið inn ábendingum um hvað megi betur fara í aðgengismálum.

- Hvað með þær upplýsingar sem koma inn í ábendingagáttina? Hvað er gert við slíkar ábendingar? Er brugðist við þeim og t.d. ráðist í framkvæmdir ef þörf er á?
 - Mikilvægt að Ráðgjafaráð í málefnum fólks með fötlun skoði með ábendingagáttina og kanni hvort eitthvað hafi verið gert með þær ábendingar sem koma þar inn.
 - Egill fer á fund með Starfshópnum um aðgengismál í Hafnarfirði, fim. 24.nóv. 2022. og getur þá sagt okkur meira frá hvað kom út úr þeim fundi á næsta fundi með Ráðgjafaráði.
 - Alexander bendir á að skoða þurfi einnig íþróttahúsin og íþróttavelli í Hafnarfirði, m.t.t. aðgengismála.
- Ath. Egill tók út hluta af Vallahverfinu í Hafnarfirði m.t.t. aðgengismála. Komst í rauninni bara inn í 2 blokkir af u.þ.b. 20 blokkum á Völlunum, þannig að það er enn ekki nógu vel hugsað út í aðgengismál þrátt fyrir að um nýbyggingar séu um að ræða.

3. Umræðuefni:

Önnur mál:

Tölvupóstur Ráðgjafaráðsins.

- Er þetta nógu vel auglýst inni á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar? Umræða um að hafa Facebook hóp eða Instagram hóp til að auglýsa þetta betur, auglýsa Ráðgjafaráðið þar?

Myndir á nýrri heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar.

- Ath. Það þarf að laga myndir inn á heimasíðunni undir málefnum fólks með fötlun, t.d. er mynd af Suðurbjarlaug þar sem umfjöllun er um Klettinn.

Akstursþjónusta.

- Bæta þarf akstursþjónustu Hópbíla.
- Þjónustuver Hópbíla mætti verið opið lengur, stytting vinnuvikunnar virðist vera að hafa áhrif, allir farnir úr þjónustuveri um kl. 14/15 á fös. Bitnar á þjónustunotendum. Opið 10-14 á lau og lokað á sun. Gengur þetta upp svona?
- Enn eru dæmi um að fólk með fötlun sé skilið eftir úti þar sem akstursþjónustan nær ekki yfir þröskuldinn. Bílstjórinn keyrir frá A til B en notendur þjónustunnar þurfa að koma sér sjálf inn á heimili sitt, í frístund, í vinnu o.s.frv. Akstursþjónustan aðstoðar þjónustunotendur ekki með slíkt.
- Mikilvægt að bílstjórar séu skilningssamir sem sinna akstursþjónustu við fólk með fötlun. Bílstjórar eru á áætlun sem getur verið erfið staða þegar taka þarf tillit til mismunandi þarfa einstaklinga sem glíma við fötlun. eru bílstjórar of fáir úti í einu? Er þetta spurning um of fá

stöðugildi bílstjóra hjá Hópbílum? Þetta þarf að skoða. Pólítísk ákvörðun um hvers konar þjónusta er aðkeypt.

Aðgengi að stoppistöðvum Strætó.

- Það þarf að bæta aðgengi að stoppistöðvum, t.d. fyrir fólk með fötlun. Stundum eru ekki strætóskýli þar sem beðið er eftir strætó. Oft er of mikil hæð upp í strætisvagnanna sem hamla þá fólk með fötlun að geta nýtt sér strætósamgöngur. Þyrfti að vera valkostur.

Strætó með manneskju sem þjálfar upp fötluð ungmenni til að nýta sér strætó.

- Eyrún og Dalrós benda á að það er manneskja á vegum Strætó sem hefur verið að kenna fötluðum hvernig hægt er að nýta sér strætósamgöngur. Það er farið yfir allt, yfir leiðarkerfið, greiðslumáta o.s.frv.
- Umræða um að það þurfi að kynna þetta betur fyrir þjónustunotendum, krökkum og unglíngum. Eykur frelsi þeirra sem ráða við að læra á Strætó og nýta sér þennan samgöngumáta.

Í lok fundar:

Næsti fundur verður haldinn, 13. des. kl. 14:30. Ritari sendir fundarboð.

Ákveðið að hafa fundinn í fundarherberginu Krosseyri, á 4. hæð. Gengið inn við Linnestíg 3.

ATH. Fundargerð lesin yfir á fundi og samþykkt af öllum sem sátu fundinn.